



Hreppsnefnd 06.07.09

Hreppsnefndarfundur var haldinn fimmtudaginn 2. júlí 2009 í félagsheimilinu Miklagarði kl. 16.00

Mætt til fundar: Aðalbjörn Björnsson, Ólafur K. Ármannsson, Borghildur Sverrisdóttir, Anna Pála Víglundsdóttir, Björn Halldórsson, Guðrún Anna Guðnadóttir og Þórdís Þorbergsdóttir.

Einnig mættir: Þorsteinn Steinsson, sveitarstjóri, og Magnús Már Þorvaldsson, er ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. mál Fundargerð hreppsnefndar frá 11. júní sl.

Lögð fram fundargerð hreppsnefndar frá 11. júní sl.

Sveitarstjóri kvaddi sér hljóðs undir 2. tl. fundargerðarinnar „Fundargerð menningarmálanefndar“, en afgreiðslu þessa liðar var frestað á síðasta fundi hreppsnefndar.

Gerði hann grein fyrir fundum sem oddviti og sveitarstjóri áttu með málsaðilum varðandi þessi mál. Fundargerðin síðan samþykkt.

2. mál. Fundargerð ferlinefndar frá 16. júní sl.

Fundargerð ferlinefndar frá 16. júní sl. lögð fram.

Lögð fram til kynningar.

3. mál Fundargerð atvinnumálanefndar frá 26. júní sl.

Fundargerð atvinnumálanefndar frá 26. júní sl. lögð fram. Undir 5. tl. c)lið var gerð grein fyrir áhuga nefndarinnar um að auglýsa eftir hugmyndum í ferða –og atvinnumálum. Ennfremur vangaveltur um það að nefndin hefði úr einhverjum fjármunum að spila til þess að styðja við góðar viðskiptahugmyndir sem kæmu fram.

Hreppsnefnd tekur undir þetta og hvetur til þess reynt verði að auglýsa með þessum hætti. Í framhaldi verði tekin ákvörðun um möguleika á fjárhagslegum stuðningi.

Fram fór allmikil umræða og svaraði sveitarstjóri framkomnum fyrirspurnum.

Fundargerðin síðan samþykkt samhljóða.

4. mál Fundargerð hafnarnefndar frá 29. júní sl.

Fundargerð hafnarnefndar frá 29. júní sl. lögð fram. Sveitarstjóri gerði grein fyrir tl. 2 og 3 í fundargerðinni annars vegar um hugsanleg kranakaup og hins vegar gjaldskrármál, sem eru til skoðunar.

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

5. mál. Bréf sjávarútvegs – landbúnaðarráðuneytis, varðandi byggðakvóta 2008/2009, ásamt tilheyrandi reglugerðum.

Lagt fram bréf sjávarútvegs og landbúnaðarráðuneytisins frá 26. júní sl., varðandi úthlutun á byggðakvóta á grundvelli umsóknar Vopnafjarðarhrepps. Hreppsnefnd fagnar úthlutun byggðakvóta og beinir til atvinnumálanefndar að ljúka málinu svo sem lagt var upp með í starfi sveitarstjórnar í vetur, en þó þannig að ekki verði leita eftir undanþágu frá vinnsluskyldu aflu, sem reglugerð ráðuneytisins gerir ráð fyrir.

Hreppsnefnd vísar bréfinu til úrvinnslu í atvinnumálanefnd.

6. mál. Árshlutauppgjör Vopnafjarðarhrepps fyrir 5 fyrstu mánuði ársins.

Sveitarstjóri lagði fram árshlutauppgjör Vopnafjarðarhrepps fyrir 5 fyrstu mánuði ársins 2009. Gerði hann grein fyrir uppgjörinu. Í máli hans kom fram að útgjöld sveitarfélagsins eru í stórum dráttum til samræmis við það sem ráðgert var í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir yfirstandandi ár.

Skatttekjur útsvör og fasteignagjöld eru einnig að skila sér nokkurn veginn til samræmis við áætlun, tekjur Jöfnunarsjóðs eru 10-11 % undir og aðrar tekjur skila sér ekki línulega til samræmis við það sem áætlað hafði verið. Gerð var grein fyrir helstu skýringum þess. Þar má helst nefna að tekjur hafnarsjóðs urðu mun minni í upphafi árs en ráð hafði verið gert fyrir. Einnig koma ekki inn með línulegum hætt ýmis framlög sem ráðgert er að komi inn á árinu. Gatnagerðargjöld sem áætlað er að fá inn hafa ekki enn verið lögð á nýframkvæmdir sem eru að fara af stað. Ennfremur er rétt að geta þess að söluhagnaður vegna hlutabréfasölu er ekki orðinn staðreynd þar sem engin hlutabréf hafa verið seld. Nefndarmenn þökkðu ágæta yfirferð sveitarstjóra og vel framsettu uppgjöri, fram fór mikil umræða þar sem hreppsnefndarmenn lýstu sjónarmiðum sínum og svaraði sveitarstjóri fyrirspurnum undir þessum lið.

7. mál. Bréf Sambands ísl. sveitarfélaga dags. 11. júní sl., varðandi undanþágu frá gassöfnun á urðunarstöðum.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir fyrirbyggjandi gögnum og vinnu í þessum málum í samráði við Heilbrigðiseftirlit Austurlands.

Sveitarstjóra falið að halda áfram vinnu sinni varðandi þessi mál.

8. mál. Ýmis bréf og erindi.

a) Nýtt fasteignamat, sbr. bréf Fasteignamats ríkisins frá 19. júní sl.

Lagt fram til kynningar.

b) Aðalfundur SSA 25. og 26. sept. n. k.

Lagt fram til kynningar. Kosning fulltrúa tekin fyrir á næsta fundi hreppsnefndar að afloknu sumarfríi í ágúst.

c) Erindi Vopnafjarðarhrepps til fjárlaganefndar Alþingis.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir fyrirbyggjandi erindum.

d) Bréf Fornleifaverndar frá 4. júní sl. varðandi breytingu á aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps 2006-2026.

Lagt fram til kynningar.

e) Bréf Fljótsdalshéraðs varðandi sauðfjárveikivarnir

Lagt fram til kynningar.

9. mál Kosning oddvita og varaoddvita

Ólafur Ármannsson kvaddi sér hljóðs og bar fram tillögu um að kjósa Aðalbjörn Björnsson sem oddvita og Önnu Pálu Víglundsdóttur, varaoddvita. Kosning oddvita samþykkt samhljóða sem og kosning varaoddvita. Aðrar tillögur komu ekki fram.

Sleit oddviti síðan fundi kl. 17:00 og óskaði nefndarmönnum góðs og ánægjulegs sumarfrís.